

## 15. fundur sveitarstjórnar Fljótisdalshrepps, Végarði 2.5. 2023, kl. 13:30

---

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Sigurður Álfgeir Sigurðarson mætti undir lið 1. og Kristinn Bjarnason undir lið 2.

### Dagskrá:

1. Ársreikningur Fljótisdalshrepps 2022, síðari umræða
2. Skýrsludrög um þjónustu sveitarfélagsins, loka frágangur
3. Hengifoss svæði framkvæmdir og fjármögnun 2023
4. Deiliskipulag frístundarbyggðar á Víðivöllum ytri 1.
5. Tillaga að breyttri gjaldskrá fyrir byggingarleyfagjöld ofl.
6. Afmörkun lóðar umhverfis gistihúsið við Végarð
7. Vegamál
8. Árssalir
9. Umhverfisstyrkir 2023
10. Fundargerðir:
  - a. Fundargerð Byggingarnefnd 21.4.2023
  - b. Verkfundur aðstöðuhús Hengifoss 14.4.2023
  - c. Aukaaðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 21.4.2023
  - d. Aðalfundur NAUST
  - e. Almannaþingarnefnd Austurlands 17.4.2023
  - f. Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 28.3.2023
  - g. Samband íslenskra sveitarfélaga 921. 30.3.2023
  - h. Samband íslenskra sveitarfélaga 922. 31.3.2023
  - i. Samband íslenskra sveitarfélaga 923. 5.4.2023
  - j. Samband íslenskra sveitarfélaga 924. 17.4.2023
  - k. Austurbrú 7, 23.1.2023
  - l. Austurbrú 8, 21.2.2023
  - m. Austurbrú 9, 24.2.2023
  - n. SSA 135, 23.1.2023
  - o. SSA 136, 21.2.2023
  - p. SSA 137, 24.2.2023
  - q. Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs 117, 18.1.2023

- r. Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs 118, 8.3.2023
- s. Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs 119, 19.4.2023

11. Bréf

- a. Steingrímur Karlsson 24.4.2023
- b. Minjavörður Austurlands 25.4.2023
- c. Ársreikningur SSA

12. Skýrsla sveitarstjóra

13. Önnur mál:

**1. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2022, síðari umræða**

Deloitte hefur lokið endurskoðun á ársreikningi Fljótsdalshrepps fyrir árið 2022. Sigurður Álfgeir fór yfir framkvæmd og niðurstöður endurskoðunarinnar. Í framhaldinu var reikningurinn samþykktur samhljóða af sveitarstjórn. Rekstrartekjur sveitarfélagsins námu 252,4 milljónum króna og rekstrargjöld 228,8 milljónir. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 4,1 milljón og rekstrarniðurstaða ársins er neikvæð um 3,9 milljónir króna. Sigurður Álfgeir vék af fundi kl: 14:43.

**2. Skýrsludrög um þjónustu sveitarfélagsins, loka frágangur**

Kristinn kom á fundinn í gegnum fjarfundabúnað kl: 14:50 og kynnti þær breytingar sem gerðar hafa verið á skýrslunni. Skýrsla samþykkt, sveitarstjóra og lögfræðingi sveitarfélagsins falið að klára lokafrágang og senda inn til ráðuneytisins. Kristinn vék af fundi kl: 15:43.

**3. Hengifoss svæði framkvæmdir og fjármögnun 2023**

Farið yfir ástand stíga og verkefni sumarsins við Hengifoss. Ljóst er að ástand stígana er mjög slæmt eftir veturinn.

**4. Deiliskipulag frístundarbyggðar á Víðivöllum ytri 1.**

Samþykkt deiliskipulags fyrir Víðivelli ytri I frístundarbyggð.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkir 2. maí 2023 deiliskipulag Víðivella ytri I frístundarbyggð. Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með athugasemdafresti til og með 25. apríl 2023, ein athugasemd barst frá Minjastofnun Íslands.

Deiliskipulagið er samþykkt með þeim breytingum að í kafla 1.8 er bætt inn eftirfarandi texta „...lögum um menningarminjar nr. 80/2012...“ og í kafla 3.2.1, „en áréttað að 15 m friðhelgunarsvæði minjanna gilda líka innan þeirra. Sé óskað eftir því að fara inn fyrir friðhelgunarsvæði þeirra þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands.“

Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

**5. Tillaga að breyttri gjaldskrá fyrir byggingarleyfagjöld ofl.**

Sveitarstjórn samþykkir tillögu byggingar og skipulagsnefndar dags. 21. Apríl 2023.

**6. Afmörkun lóðar umhverfis gistihúsið við Végarð**

Kjartan vék af fundi vegna vanhæfis. Sveitarstjórn samþykkir lóðatillögu byggingar og skipulagsnefndar. Kjartan kom aftur til fundar.

**7. Vegamál**

Fulltrúar Múlaþings og Fljótsdalshrepps hafa rætt um að vinna sameiginlega að fá fjármagn í vegafraemkvæmdir á Brúaröræfum og inndölum Fljótsdals. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir bæði sveitarfélögin.

**8. Árssalir**

Ársreikningur Ársala bs. fyrir starfsárið 2022 kynntur.

Á aðalfundi Ársala bs. sem haldinn var þann 24. apríl 2023 var samþykkt breyting á samþykktum byggðasamlagsins með fyrirvara um staðfestingu aðildarsveitarfélaga sem hér segir:

„ Fyrir lágu tillögu að breyttum samþykktum um byggðasamlagið sem snúa að leiðréttingu 5.gr. hvað hlutföll eigna aðildarsveitarfélaga varðar. Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu skulu eignarhlutföll verða eftirfarandi:

<b>Nafn:</b>	<b>Hlutfall</b>
Múlaþing	94,1%
Fljótsdalshreppur	5,9%
<b>Samtals:</b>	<b>100%“</b>

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framangreinda breytingu á samþykktum Ársala.

**9. Umhverfisstyrkir 2023**

Alls bárust inn 19 umsóknir um umhverfisstyrk sem liggja fyrir fundinum ásamt gögnum sem með fylgdu. Allar umsóknir voru metnar styrkhæfar samkvæmt reglum um Umhverfisstyrk Fljótsdalshrepps. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 15.000.000 kr. í umhverfisstyrki. Heildarfjárhæð umsókna var töluvert yfir þeirri fjárhæð. Sveitarstjórn samþykkti að veita 19 umhverfisstyrki vegna ársins 2023, hver að hámarki fjárhæð 800.000 kr., svo sem nánar greinir í yfirliti sem liggur fyrir á fundinum.

**10. Fundargerðir:**

- a. **Fundargerð Byggingarnefnd 21.4.2023**  
Fundargerð samþykkt
- b. **Verkfundur aðstöðuhús Hengifoss 14.4.2023**

- kynnt
- c. **Aukaaðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 21.4.2023**  
kynnt
- d. **Aðalfundur NAUST**  
kynnt
- e. **Almannavarnarnefnd Austurlands 17.4.2023**  
kynnt
- f. **Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 28.3.2023**  
kynnt
- g. **Samband íslenskra sveitarfélaga 921. 30.3.2023**  
kynnt
- h. **Samband íslenskra sveitarfélaga 922. 31.3.2023**  
kynnt
- i. **Samband íslenskra sveitarfélaga 923. 5.4.2023**  
kynnt
- j. **Samband íslenskra sveitarfélaga 924. 17.4.2023**  
kynnt
- k. **Austurbrú 7, 23.1.2023**  
kynnt
- l. **Austurbrú 8, 21.2.2023**  
kynnt
- m. **Austurbrú 9, 24.2.2023**  
kynnt
- n. **SSA 135, 23.1.2023**  
kynnt
- o. **SSA 136, 21.2.2023**  
kynnt
- p. **SSA 137, 24.2.2023**  
kynnt
- q. **Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs 117, 18.1.2023**  
kynnt
- r. **Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs 118, 8.3.2023**  
kynnt
- s. **Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs 119, 19.4.2023**  
kynnt

## 11. Bréf

- a. **Steingrímur Karlsson 24.4.2023**  
kynnt
- b. **Mínjavörður Austurlands 25.4.2023**  
kynnt
- c. **Ársreikningur SSA**  
kynnt

## 12. Skýrsla sveitarstjóra

Helgi og Kjartan fóru í fræðsluferð um nýtingu vindorku til Noregs á vegum Grænvangs.

**13. Önnur mál:**

Rætt um uppbyggingu á heimreiðum á Brekkubæ og Höllustöðum. Ekki hafa fengist svör frá Vegagerðini um hvenær framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Sveitarstjóra falið að hafa samband við Vegagerðina.

Fundi slitið kl: 18:10

Halla ritaði fundargerðina í tölvu.

---

Anna Jóna Árnarsdóttir

---

Halla Auðunardóttir

---

Jóhann F. Þórhallsson

---

Kjartan Benediktsson

---

Lárus Heiðarsson oddviti